



**UMSÖGN UM BREYTINGU Á LÖGUM UM HOLLUSTUHETTI OG
MENGUNARVARNIR NR. 7/1998 ÞINGSKJAL 505 – 376. MÁL**

SÍDA: 1/3
DAGS 08.05.2017

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri í tengslum við fyrirbyggjandi frumvarp.

Athugasemdirnar lúta að breytingum sem heimila ráðherra að afnema starfsleyfisskyldu heilbrigðisnefnda vegna heimagistingar og nauðsyn á samræmingu laga og reglna sem um slíka starfsemi gilda.

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi breytingar á lögum nr. 87/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Fyrir gildistöku þeirra var starfsemi heimagistingar bæði háð útgáfu rekstrarleyfis frá sýslumanni og starfsleyfis frá viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Með umræddum breytingarlögum var meðal annars kveðið á um afnám rekstrarleyfisskyldu vegna heimagistingar. Þess í stað var kveðið á um að slík starfsemi yrði einungis skráningarskyld hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í gegnum miðlægt vefsvæði sem nú er hýst á vefsíðu sýslumanna.

Var meginmarkmið breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald að einfalda meint flækjustig leyfisferlisins.

Þrátt fyrir breytingu á flokkum gististaða samkvæmt nýjum lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald hefur

starfsleyfisskylda heilbrigðisnefnda ekki verið formlega afnumin.

SÝSLUMAÐURINN

Er því ljóst að markmið laganna um einföldun leyfisferlis vegna heimagistingar hefur ekki ennþá fyllilega náð fram að ganga.

SÍÐA: 2/3

Um C. lið (8. gr.) Starfsleyfi

Í greininni er lagt til að ráðherra hafi heimild til að kveða á um að tiltekin starfsemi verði skráningarskyld í stað þess að vera starfsleyfisskyld. (Heimagisting fellur í þann flokk)

Í frumvarpinu er lagt til að rekstraraðilar skráningaskylds atvinnurekstrar skuli skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Í athugasemdum við greinina kemur fram að gert sé ráð fyrir því að Umhverfisstofnun notist við sambærilegt kerfi og Þjóðskrá hefur komið á fót varðandi skráningu á heimagistingu.

Sýslumaður vill vekja athygli á því að heimagisting er nú þegar skráningaskyld í gegnum miðlægt vefsvæði sýslumanna.

Nái umræddar breytingar fram að ganga verður heimagisting skráningarskyld hjá tveimur stjórnvöldum, þ.e.a.s Umhverfisstofnun og Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Í þágu einföldunar og aukinnar skilvirkni er rík áhersla lögð á að nægjanlegt verði fyrir borgara að skrá heimagistingu hjá einu stjórnvaldi.

Hefur nú þegar verið lagt í kostnað við þróun og uppsetningu leyfisveitingagáttar m.t.t. skráningar heimagistingar. Hægt væri með lágmarks tilkostnaði að útfæra kerfið með þeim hætti að skráning heimagistingar hjá sýslumanni fari sjálfkrafa til Umhverfisstofnunar.

Vakin er athygli á að nú þegar eru til staðar nægjanlegar heimildir fyrir sýslumann til að afskrá heimagistingu. Í þessu samhengi ber heilbrigðisnefndum skv. 4. mgr. 21. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og

skemmtanahald að tilkynna sýslumanni ef frávik koma fram í eftirliti eða starfsemi uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til heimagistingar samkvæmt hollustuháttalöggjöf.

SÝSLUMAÐURINN

Til að taka mið af framangreindu væri mögulegt að orða (c. lið 8. gr.) með eftirfarandi hætti:

SÍÐA: 3/3

„Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka II-V, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis, sbr. 4. og 5. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur fyrir starfsemi, sbr. viðauka I-V, sbr. 4. og 5. gr. Hvað varðar starfsemi í viðauka I skal miða við að þessar almennu kröfur tryggi samþættar mengunarvarnir og hátt umhverfisverndarstig sem jafngildir því sem hægt er að ná með sérstökum starfsleyfisskilyrðum fyrir hverja starfsemi og að þær byggist á bestu aðgengilegu tækni.

Rekstraraðili atvinnurekstrar, sem er skráningarskyldur skv. 1. mgr., skal skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Umhverfisstofnun skal staðfesta skráningu rekstraraðila og leiðbeina honum um hvaða reglur gilda um starfsemi hans. Umhverfisstofnun skal upplýsa heilbrigðisnefndir um skráningar rekstraraðila.“

Ef atvinnurekstur er einnig skráningarskyldur hjá sýslumanni á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þá telst sú skráning fullnægjandi. Skal sýslumaður tilkynna Umhverfisstofnun um skráninguna.

Tekið skal fram að framangreind skráning heimagistingar í gegnum starfandi leyfisveitingagátt Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, er fyrst og fremst í þágu hagræðis og einföldunar fyrir borgara. Sú tilhögun mun eftir sem áður ekki hafa áhrif á eftirlitsskyldur og heimildir heilbrigðisnefnda með umræddri starfsemi.

Virðingarfyllt



Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu